

180 varða, fundargerðir stjórnarinnar, eignaskrá, í lok hvers reikningsárs, sem er alman-
3. okt. aksárið, og annað það, er varðar hag sjóðsins. Hlotnist sjóðnum minningargjafir um látna menn eða konum, skal einnig færa í gerðabókina árlega sérstaka nákvæma skrá yfir þær. Kvenfélaginu Eining ber að kjósa tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins, og skulu þeir hafa eftirlit með að skipulagsskrá hans sé fylgt. Þeir skulu vera búsettir í Höfðakaupstað.

6. gr.

Markmið sjóðsins er að beita sér fyrir og styrkja sjúkrahúsbyggingu hér í Höfðakaupstað og síðar að starfrækja sjúkrahús það, sem byggt verður.

7. gr.

Þegar sjóðurinn, að dómi sjóðstjórnar, er orðinn nægilegur til að hefja sjúkrahúsbyggingu, skal þegar byrja á byggingunni.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Höfðakaupstað, 24. júlí 1947.

Í stjórn Kvenfélagsins Einingar

Sigríður Guðnadóttir,
formaður.

Sigurlaug Helgadóttir,
féhirðir.

Margrét Konráðsdóttir,
ritari.

181 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningargjafasjóð Kvenfélags
16. okt. Lunddæla“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 16. október 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningargjafasjóð Kvenfélags Lunddæla.

1. gr.

Sjóður þessi heitir Minningargjafasjóður Kvenfélags Lunddæla. Hann er stofnaður af Kvenfélagi Lunddæla með gjöfum frá því, og frá einstökum konum innan kvenfélagsins og utan, til minningar um nokkra látna Lunddælinga. Sjóðurinn er nú kr. 839.78.

2. gr.

Ætlast er til að sjóður þessi verði aukinn með sérstökum minningargjöfum, áheitum og með sölu minningarspjalda.

3. gr.

Nöfn látinna manna, sem minnst verður á þennan hátt, skulu færð inn í sérstaka bók ásamt dánardægri þeirra, upphæð gjafa og nöfnum gefenda.

4. gr.

Sjóður þessi skal ávaxtaður í sparisjóði eða banka.

5. gr.

181

- a. Stjórn sjóðsins á stjórn kvenfélagsins að sjá um, færslu minningargjafasjóðs og reikningshald. 3. okt.
- b. Ekki skal veitt fé úr sjóðnum nema með samþykki lögmæts kvenfélagsfundar.
- c. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu endurskoðendur kvenfélagsreikninganna einnig endurskoða árlega reikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðnum skal varið til líknar- og menningarmála, svo sem 1) til hjálpar bágstöðdu fólki, til að gleðja veikt fólk, gamalmenni eða börn, 2) til skógræktar í sveitinni eða til annarra þjóðþrifamála, sem kvenfélagið telur nauðsyn að styrkja á hverjum tíma.

7. gr.

Þegar sjóður þessi er orðinn að upphæð kr. 5000.00 má veita úr honum í fyrsta sinn, og síðar eftir því sem kvenfélagið ákveður, en þann höfuðstól má þó aldrei skerða.

8. gr.

Ef Kvenfélag Lunddæla hættir störfum, skulu 3 konur, kosnar af búsettum konum í sveitinni, annast sjóðinn og fara með eftir þeim reglum, er kvenfélagið hefur ákveðið samkvæmt framanskráðu.

9. gr.

Leita skal staðfestingar stjórnarráðsins á skipulagsskrá þessari.

F. h. Kvenfélags Lunddæla, 1. maí 1947.

Þórunn Vigfúsdóttir.

AUGLÝSING

182

16. okt.

um frest til endurnýjunar á vernd skrásettra erlendra vörumerkja.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 77 27. júní 1941, um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki, veitist hér með frestur til 31. desember 1947 til að endurnýja vernd þar greindra skrásettra erlendra vörumerkja, enda þótt tilkynningar um endurnýjanir séu afhentar síðar en 10. gr. vörumerkjaganna ákveður.

Vernd sú fyrir skrásett erlend vörumerki, sem veitt er með téðum lögum, skal falla niður frá árslokum 1947 að telja, hafi vörumerkjaskráritara ekki borizt tilkynning um endurnýjun skrásetningar áður en framangreindur frestur er útrunninn.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. október 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.